



## Stjórnarfundur AKÍS -

**Staður og tími:** Google Hangouts - 22.5.2018 kl. 18:00

**Mætt:**

Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

**Fjarverandi:**

Arnar Már Pálmarsson (AMP), Torfi Arnarson (TA), Garðar Gunnarsson (GG)

ÞA ritaði fundargerð.

---

**1. Niðurstaða brautarskoðunar Tom Kaasa**

Komin er niðurstaða brautarskoðunar sem Tom Vidar Kaasa framkvæmdi fyrri hluta mánaðarins.

Ákveðið að senda skýrsluna á formenn félaga til frekari úrvinnslu með spurningu um hvernig staðið verður að úrbótum. Einnig sent á lögregluembætti viðkomandi svæða.

**2. Öryggisnámskeið í samstarfi við NBF (norska akstursípróttasambandið)**

AKÍS hefur áhuga á að vera með MSÍ um námskeiðshald um öryggi í drifti, spyrnu og rallycross. Hugmyndin er að fá norska leiðbeinendur hingað til að kenna.

**3. Skyndihjálparnámskeið**

Málið rætt þar sem það vantar endanlegar tölur í námskeiðin.

**4. Önnur mál**

**Mótakerfi AKÍS:** SÖS kom með nokkrar athugasemdir sem ÞA og hann munu leiða til lykta í sérumræðum.

**5. Næsti fundur**

Hangouts 4. júní 2018 kl. 18:00